

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1001
komudagur 14. 2. 2003



**VEÐURSTOFA
ÍSLANDS**

Nefndasvið Alþingis — umhverfisnefnd
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Dags. 12. febrúar 2003
Tilv. 012/5022/MJ/KG


Efni: Umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um öflun grunn-
gagna um náttúru Íslands og gerð náttúrufarskorta.

Veðurstofa Íslands styður eindregið fyrrnefnda þingsályktunartillögu. Stofnuninni hefur lengi verið ljóst að mikið vantar upp á að skráning á náttúru landsins standist þær kröfur sem gerðar eru í okkar heimshluta. Náttúrufarsgögn og landmælingagögn er svo nauðsynlegur grunnur að allri vinnu á sviði umhverfis- og skipulagsmála, að segja má að skortur á þeim hindri eða tefji eðlileg vinnubrögð á mörgum sviðum, auk þess sem kostnaður við ýmis framkvæmdaverkefni verður mun hærri en eðlilegt má telja.

Þá vill stofnunin vekja athygli á, að tækninni til að afla gagna af þessum toga hefur fleygt svo mjög fram á síðari árum, að jaðrar við byltingu. Er þar einkum um að ræða fjarkönnun úr gervihnöttum, þar sem upplausn og greiningarhæfni mælitækja, jafnvel óháð birtu og skýjahulu, er orðin með ólíkindum. Verður því enn og aftur skorað á stjórnvöld að þau taki þann málaflokk föstum tókum t.d. með því að fara að tillögum sem fram voru settar í skýrslu sem unnin var af þverfaglegri nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins 1997.

Loks vill Veðurstofan hvetja til þess að flýtt verði lagasetningu um verðlagningu og aðgengi opinberra gagna og þar verði farið í meginatriðum að tillögum nefndar sem starfaði undir stjórn Þórhalls Arasonar skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu og skilaði skýrslu þar um á árinu 2002.

Virðingarfyllst


Magnús Jónsson
veðurstofustjóri

BÚSTAÐAVEGUR 9, 150 REYKJAVÍK
SÍMI 522 6000 – FAX 522 6001
NETFANG office@vedur.is